

Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

23. fundur stjórnar 2024-2025 miðvikudaginn 9. apríl 2025

kl. 16.00 - 17.00 á Teams

Mætt á Teams: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Ólafur Páll Jónsson, Eyja Margrét Jóhannu Brynjarsdóttir, Guðný Björk Eydal, Hermína Gunnþórsdóttir, Ragna Benedikta Garðarsdóttir, Zophonías Oddur Jónsson og Þóroddur Bjarnason.
Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Kjaramál.
 - a) Kynning á samningnum.
 - b) Kynningarfundur og atkvæðagreiðsla.
2. Önnur mál.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 16.00.

1. Kjaramál.

a) Kynning á samningnum.

Formaður fór yfir kjarasamning félagsins við ríkið sem samninganefndin undirritaði 8. apríl. Samningurinn gildir afturvirkir frá 1. apríl 2024 til 31. mars 2028. Þá er búið að gera samkomulag við HÍ, HA, Hólaskóla og LBHÍ í tengslum við samninginn. Hermína vék af fundi kl. 16.25.

Stjórn samþykkt samninginn einróma og að hann verði borin undir atkvæði félagsfólks.

b) Kynningarfundur og atkvæðagreiðsla.

Ákveðið var að kynna samninginn fyrir félagsfólki fimmtudaginn 10. apríl kl. 16 á Teams. Í lok fundar verði opnað fyrir atkvæðagreiðslu um samninginn. Kosning standi yfir fram að hádegi þriðjudaginn 15. apríl. Kynningin verði tekin upp og send félagsfólki eftir fundinn ásamt glærum frá fundinum. Fyrir þau sem komast ekki á kynningarfundinn eða hafa frekari spurningar mun formaður bjóða upp á tvo opna fyrirspurningatíma á Teams á meðan kosning stendur yfir. Fólk getur jafnframt haft beint samband við formann í síma og í tölvupósti.

2. Önnur mál.

Það voru engin önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 17.15.

Fundarritari: LÞ.